

Kynningarefni vegna kjarasamnings milli SFS og SSÍ frá 24. júní 2016:

1. Kauptrygging og kaupliðir:

Kauptrygging og kaupliðir hækka til samræmis við þær hækkanir sem orðið hafa á almennum vinnumarkaði frá því kjarasamningar losnuðu í ársbyrjun 2011. Starfsaldursálag og tímakaup reiknast út frá kauptryggingunni og hækkar því í sama hlutfalli og kauptryggingin.

Eftirfarandi tafla sýnir hækkun kauptryggingar út samningstímamann verði samningurinn samþykktur:

Breyting kauptryggingar (afleiddir kaupliðir taka sömu breytingu)	Skv. kaupskrá 1. júní 2015	Frá 1. júní 2016	1. maí 2017	1. maí 2018
Háseti	234.026	288.168	301.136	310.170
Matsveinn, netamaður og bátsmaður	292.532	360.210	376.420	387.713
Yfirvélstjóri/vélavörður (1. maður í vél)	351.039	432.252	451.704	465.255
Vélstjóri/Vélavörður (2. maður í vél)	292.532	360.210	376.420	387.713
Yfirstýrimaður	351.039	432.252	451.704	465.255
2. stýrimaður	292.532	360.210	376.420	387.713
Skipstjóri	351.039	432.252	451.704	465.255
Aðstoðarmaður matsveins	277.340	328.334	343.109	353.402
Breyting annarra kaupliða		9,6%	4,5%	3,0%

2. Mælingar skipa.


Samkvæmt gildandi kjarasamningi miðast skiptatöflur allra veiðigreina við stærð skipa í brúttórúmllestum. Hætt er að nota þessa mælieiningu við mælingu íslenskra skipa og eru skip eingöngu mæld í brúttótonnum. Þetta veldur því að erfitt getur reynst að finna rétt stærðarviðmið nýrra skipa eða skipa sem hefur verið breytt þar sem aðeins kemur þá fram brúttótonna tala skipsins í skipaskrá sem gefur í fæstum tilvikum rétt viðmið í brúttórúmllestum. Verði samningurinn samþykktur skuldbinda útgerðarmenn skipa sem samningurinn nær til sig til að kaupa brúttórúmllestamælingu fyrir þau skip sem ekki hafa þá mælingu fyrir. Þá mælingu á síðan að skrá í íslensku skipaskrána. Með þessu móti er komið í veg fyrir ágreining um hvaða skiptakjör skuli gilda á einstökum skipum.

3. Olíuverð á heimsmarkaði og skiptaverð:








Verði kjarasamningurinn samþykktur hækka viðmið olíuverðs á heimsmarkaði sem ákvarðar skiptaverð í kjarasamningnum í samræmi við erlenda verðbólgu frá því kjarasamningur var síðast undirritaður í desember 2008. Olíuverðsviðmiðið breytist þannig:

Skiptaverð:					Gildandi viðmið:		Ný viðmið:	
Innan lands	Frosinn botnfiskur		Frosin Rækja		Heimsmarkaðsverð		Heimsmarkaðsverð	
	fob	cif	fob	cif	frá	til	frá	til
80%	77,0%	71,5%	74,0%	68,5%	Undir	143,00 \$	→ Undir	164,00 \$
79%	76,5%	71,0%	73,5%	68,0%	143,00	160,99 \$	→	164,00 184,99 \$
78%	76,0%	70,5%	73,0%	67,5%	161,00	178,99 \$	→	185,00 205,99 \$
77%	75,5%	70,0%	72,5%	67,0%	179,00	196,99 \$	→	206,00 226,99 \$
76%	75,0%	69,5%	72,0%	66,5%	197,00	214,99 \$	→	227,00 247,99 \$
75%	74,5%	69,0%	71,5%	66,0%	215,00	232,99 \$	→	248,00 268,99 \$
74%	74,0%	68,5%	71,0%	65,5%	233,00	250,99 \$	→	269,00 289,99 \$
73%	73,5%	68,0%	70,5%	65,0%	251,00	268,99 \$	→	290,00 310,99 \$
72%	73,0%	67,5%	70,0%	64,5%	269,00	286,99 \$	→	311,00 331,99 \$
71%	72,5%	67,0%	69,5%	64,0%	287,00	304,99 \$	→	332,00 352,99 \$
70%	72,0%	66,5%	69,0%	63,5%	305,00	\$ og yfir	→	353,00 \$ og yfir

Myndrænt er þessi breyting eftirfarandi:



Dæmi um skiptaverðið ef breytingin á olíuverðsviðmiðuninni hefði gilt frá áramótum:

Dæmi:				Var		Væri
jan.16	341,30	\$/tonn		70%		71%
feb.16	286,45	\$/tonn		72%		74%
mar.16	279,95	\$/tonn		72%		74%
apr.16	322,60	\$/tonn		70%		72%
maí.16	340,30	\$/tonn		70%		71%
jún.16	399,41	\$/tonn		70%		70%
júl.16	435,90	\$/tonn		70%		70%

Olíuverðið er aftur byrjað að lækka og gæti það því skilað sér í hækkun skiptaverðs í ágúst eða september. Erfitt er þó að spá um þróun olíuverðsins á næstu mánuðum.

4. Frystitogarar.

Gerð er breyting á skiptakjörum á frystitogurum þegar fjöldi í áhöfn fer umfram 27 menn (að aðstoðar matsveini frá töldum). Þetta breytir ekki almennt skiptakjörum á frystitogurum þar sem almennt eru 25 – 26 menn í áhöfn þeirra skipa í dag. Hins vegar er að koma stærra og öflugra skip í flotann sem mun fullvinna afurðir meira en nú er gert. Á því skipi verða 32 til 36 menn í áhöfn og er breytingin gerð til að mæta þessari fjölgun í áhöfn umfram 27 menn.

5. Samningsforsendur.

Greinin um samningsforsendur er sú sama og gildir á almennum vinnumarkaði, þannig að breytist samningsforsendur á almennum markaði þannig að gera þurfi lagfæringar á samningnum koma þær breytingar einnig til sjómanna.

6. Gildistími samningsins.

Verði samningurinn samþykktur gildir hann til 31. desember 2018 og fellur þá úr gildi án uppsagnar. Samningurinn gildir frá og með 1. júní 2016.

Annað í samningnum.

Með samningnum eru þrjár bókanir sem fulltrúar í samninganefnd Sjómannasambands Íslands töldu mikilvægar og verðmætar fyrir samninginn.

Bókun 1.

Bókun 1 fjallar um fæðispeninga sjómanna en í viðræðunum óskuðu samningsaðilar eftir því við fjármálaráðherra að fæðispeningar sjómanna á fiskiskipum teldust ekki til skattskyldra launa þar sem þeir greiða fæði sitt sjálfir. Fjármálaráðherra lýsti yfir vilja til að koma að hluta til móts við óskir samningsaðila. Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp um þetta mál sem afgreitt verður á haustþinginu. Verið er að útfæra með hvaða hætti þetta gæti gerst, en ráðuneytið metur það svo að ef sjómenn á fiskiskipum fá að lækka tekjuskattstofninn um 500 kr á lögskráningardag verði tekjuáhrif hins opinbera um hálfur milljarður af þeirri aðgerð. Það er sú tala sem stjórnvöld eru tilbúin til að leggja í þennan lið náist um það samstaða á Alþingi.

Þessi aðgerð stjórnvalda tekur gildi um næstu áramót verði samningurinn samþykktur og Alþingi samþykkir breytinguna.

Bókun 2.

Í kjaraviðræðunum var mikið rætt um fækkun um borð í skipunum undanfarið og þá sérstaklega um borð í uppsjávarveiðiskipunum og fyrirhugaðar fækkanir í áhöfnum ísfisktogara. Til að mæta kröfu samtaka sjómanna um að setja botn í fækkunina var ákveðið að fá Samgöngustofu til að gera athugun á mönnun og hvíldartíma sjómanna. Byrjað verður á að skoða mönnun og hvíldartíma á uppsjávarveiðiskipum, ísfisktogurum og dagróðrabátum. Samgöngustofa mun stýra þessu verki og verður þetta gert í samstarfi við samningsaðila. Þegar þessi úttekt liggur fyrir eru samningsaðilar með efni í höndunum til að ræða mönnun þessara skipa út frá staðreyndum sem hlýtur að vera mikils virði.

Bókun 3.

Samkvæmt bókun 3 ætla samningsaðilar að fara yfir allan samninginn. Einfalda hann og færa til nútímans. Samhliða verður tekist á um stóru atriðin eins og fiskverðið og nýsmíðaálagið sem snýr beint að sjómönnum. Auðvitað mun mótaðilinn ræða sín stóru mál einnig. Vonast er til að þessi vinna skili sér þannig að auðveldara verði að semja aftur að samningstímanum loknum. Mikilvægt er að þessi bókun er ekki orðin tóm, heldur samþykkti ríkissáttasemjari að hafa verkstjórn í málinu þannig að tryggt er að samningsaðilar munu vinna í málunum á samningstímanum. Þessi bókun hefur því verulegt gildi í þeirri viðleitni að finna lausnir á stærstu ágreiningsmálum samningsaðilanna.

Atkvæðagreiðsla um samninginn.

Atkvæðagreiðsla um samninginn mun standa til miðnættis þann 8. ágúst næstkomandi. Hvert félag sér um atkvæðagreiðsluna meðal sinna félagsmanna, en atkvæði verða talin sameiginlega hjá öllum aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands sem að samningnum standa. Atkvæði verða talin kl. 14:00 í húsakynnum ríkissáttasemjara þann 10. ágúst næstkomandi. Atkvæðakassar frá aðildarfélögum sambandsins þurfa því að hafa borist skrifstofu Sjómannasambandsins fyrir kl. 12:00 á hádegi þann 10. ágúst 2016.